

BYGGJUM RÉTTLÁTT ÞJÓÐFÉLAG



ÁRIÐ Í HNOTSKURN 2009



Alpýðusamband Íslands



Viðbrögð ASÍ vegna skulda heimilanna

Í byrjun október 2008 setti ASÍ á stofn sérstakt viðbragðsteymi vegna hrunsins. Lögð var áhersla á að taka saman og miðla upplýsingum um réttarstöðu félagsmanna. Á vef ASÍ voru birtar upplýsingar um stöðu inneigna í bönkum, stöðu lífeyrissparnaðar, öll ný og gömul greiðsluferfiðleikaúrræði, réttarstöðu launafólks vegna rekstrarferfiðleika og gjaldþrota, atvinnuleysisbætur og úrræði fyrir atvinnulausa o.fl. Þessi gögn voru einnig gefin út í formi bæklinga og aðildarfélögunum gert mögulegt að birta þau sem hluta af eigin upplýsingaefni.

ASÍ setti einnig fram tillögur um úrræði handa skuldugum heimilum. Þær byggðu á þeirri greiningu að um þrjá ólíka hópa væri að ræða. Heimili sem væru komin í mjög alvarleg vandræði. Heimili sem héldu sjó en stefndu í vandræði ef ekkert yrði að gert og loks heimili sem gætu bjargað sér þrátt fyrir áföll. Jafnframt taldi ASÍ að svara þyrfti kröfu almennings um almenn úrræði vegna verðbólguþröskots og gengishruns.

Vegna fyrsta hópsins taldi ASÍ að setja þyrfti gagnsæjar og fljótvirkar reglur um greiðsluáðlögun allra skulda, þ.m.t. vegna fasteigna og bíla. Vegna andstöðu innan síðustu ríkisstjórnar tókst ekki að skapa það úrræði sem ASÍ gerði tillögu um. Þess í stað var sett tvískipt og tyrfin löggjöf sem reynst hefur erfið í framkvæmd. Nú stendur yfir endurskoðun þeirra laga og hefur ASÍ lagt fram heildstæðar tillögur til úrbóta. ASÍ taldi að millihópnum yrði að mæta með almennri aðgerð sem styrkja myndi greiðslugetu hans og lagði m.a. til almenna greiðsluþöfnun allra útlána banka og lánastofnana þ.e. að verðbólgu- og gengishrunskúfurinn yrði tekinn af. Þessu var hafnað af stjórnvöldum en nú er verið að endurskoða þau lög til samræmis við fyrstu tillögur ASÍ. ASÍ taldi stjórnvöld ekki geta vikið sér undan að mæta kröfu almennings um almenna leiðréttingu skulda og hefur stutt stjórnvöld í viðleitni til þess en tekið skýrt fram að kostnaðinum megi ekki vísa á komandi kynslóðir, hvort heldur með því að binda ríkissjóði byrðar umfram langtíma getu eða með því að veikja undirstöður lífeyrissjóðanna.



Áfram Ísland - fyrir hag heimilanna


Þann 18. nóvember 2008 hófst fundarherferð ASÍ um landið undir yfirskriftinni Áfram Ísland - fyrir hag heimilanna. Fundir voru haldnir í Reykjanesbæ, á Akranesi, Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og Reykjavík. Forseti ASÍ ávarpaði alla fundina auk þess sem formenn landssambanda og stærstu félaga sátu fyrir svörum. Þá var boðið upp á tónlistaratriði og sá til að mynda Rúnar Júlíusson um að skemmta fundargestum í Reykjanesbæ. Það hefur verið í eitt af síðustu skiptunum sem Rúnar steig á svið því fáeinum dögum síðar var hann látinn.

Fundarherferðinni lauk með fundi í Listasafni Reykjavíkur 27. nóvember en færa varð samkomuna af Ingólfstorgi vegna veðurs. Í yfirlýsingu fundarins sagði m.a:

Alþýðusamband Íslands krefst þess að stjórnvöld búi heimilunum öruggt skjól í því gjörningaveðri sem nú gengur yfir landið. Það verður að vera forgangsverkefni að tryggja atvinnu og stemma stigu við fólksflóttu. Það er krafa okkar að stjórnvöld tryggi hér sama stöðugleika og sambærileg kjör á húsnæðislánum og almenningi býðst í nágrennalöndunum. Finna þarf leiðir til að koma heimilunum út úr vítahring hárra vaxta og verðtryggingar.

Ríkisstjórnin er rúin trausti almennings og það er á hennar ábyrgð að endurnýja það með uppstokkun – við viljum nýjan grunn og nýtt fólk strax. Fundurinn krefst þess að yfirstjórn Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins viki tafarlaust. Íslenskt samfélag stendur frammi fyrir erfiðum verkefnum. Alþýðusamband Íslands og aðildarsamtök þess lýsa sig reiðubúin til að koma að því endurreisnar- og uppbyggingarstarfi sem framundan er. Okkar áherslur eru einfaldar og skýrar. Við viljum byggja upp samfélag með fjölbreyttu atvinnulífi og góðri menntun fyrir alla. Við viljum byggja upp velferðarsamfélag að norrænni fyrirmynd.

Áfram Ísland.





Kjaramál - víðtæk samstaða á vinnumarkaði

Ársfundur ASÍ 2008 kallaði eftir víðtækri samstöðu milli almenna og opinbera markaðarins um eina launa- og kjarastefnu með áherslu á að verja stöðu þeirra tekjulægstu. Allir hlutaðeigandi aðilar svöruðu kallinu og síðla árs 2008 settust helstu samningsaðilar á íslenskum vinnumarkaði að þeirri vinnu.

Endurskoðun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði var í febrúar 2009. Samningsforsendurnar stóðust ekki og því gat hvor samningsaðilinn sem var tilkynnt að hann vildi ekki framlengja samninginn. Samtök atvinnulífsins lýstu því yfir að þau treystu sér ekki til að hækka laun í samræmi við upphaflegan samning og lögðu til að hækkunum ársins 2009 og 2010 yrði frestað þó þannig að þær yrðu að fullu komnar til framkvæmda fyrir lok samningstímans, ella myndu samtökin segja sig frá samningnum.

Boðað var til þriggja funda formanna ASÍ félaga þar sem m.a. var ákveðið að hvert félag kannaði vilja sinna félagsmanna til óska SA. Mikill meirihluti reyndist fyrir því að fallast á frestun. Í febrúar var samið um að fresta endurskoðun til loka júní en að ákvæði um hækkun lágmarkstekjutryggingu og um lengingu orlofs kæmu til framkvæmda strax 1. mars. Í júní var samið um samræmda launastefnu á almenna- og opinbera markaðinum. Á almenna markaðinum var samið um að helmingur taxtahækkana ársins tækju gildi 1. júlí og helmingur 1. nóvember ásamt 3,5% launaþróunartryggingu. Hækkunum ársins 2010 var frestað frá 1. janúar til 1. júní það ár. Samhliða náðist sátt um sambærilegar launahækkanir við ríkið og sveitarfélög.





Fjármála-, efnahags- og gjaldeyriskreppa

Á liðnu ári hafa orðið stórfelldar breytingar í íslensku efnahagslífi. Við göngum nú í gegnum miklar efnahagsþrengingar þar sem landsframléiðslan dregst mikið saman, atvinnuleysi eykst og kaupmáttur lækkar.

Við fall bankanna lækkaði gengi krónunnar mikið, skortur varð á gjaldeyri og sett voru á gjaldeyrishöft. Það jók enn á vandann að Bretar settu á okkur hryðjuverkalög vegna deilna um Icesave-reikninga. Samkomulag náðist í júní 2009 um að Tryggingasjóður innstæðueigenda ábyrgist 20.887 evrur á hvern reikning og veita Hollendingar og Bretar Tryggingasjóði lán til að standa skil á skuldbindingum sínum gegn ríkisábyrgð. Málinu er þó ekki lokið vegna fyrirvara sem Alþingi setti við ríkisábyrgðina.

Í nóvember 2008 leituðu íslensk stjórnvöld til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og nágrannaþjóða eftir aðstoð. Aðstoðin fékkst í formi sérfræðiaðstoðar og lána til að byggja upp gjaldeyrisvaraforða. Á móti skuldbinda stjórnvöld sig til að fylgja sameiginlegri efnahagsáætlun stjórnvalda og sjóðsins. Vegna erfiðleika við endurfjármögnun bankanna og deilna um Icesave hafa orðið tafir á greiðslu annars hluta lánsins frá AGS og lánanna frá nágrannaþjóðum.

Mikilvæg skref hafa verið stigin í átt til endurreisnar efnahagslífsins. Auk samkomulagsins við AGS náðist víðtæk sátt um endurreisn efnahagslífsins með gerð Stöðugleikasáttmálans, búið er að sækja um aðild að ESB, endurreisn bankanna er langt komin og fyrir liggur hvernig unnið verður á miklum halla ríkissjóðs.



Stöðugleikasáttmáli um endurreisn íslensks efnahagslífs

Samhliða undirritun samkomulagsins um breytingar á kjarasamningum milli aðildarféлага ASÍ og SA skrifuðu ASÍ, BSRB, KÍ, SSF, SA, ríkistjórnin og Samband íslenskra sveitarfélaga undir stöðugleikasáttmála 25. júní 2009.

Sáttmálanum er ætlað að stuðla að endurreisn efnahagslífsins með því að skapa skilyrði fyrir aukinni fjárfestingu, nýrri sókn í atvinnumálum, auknum hagvexti og leggja þannig grunn að bættum lífskjörum til framtíðar. Aðilar sáttmálans eru sammála um mikilvægi þess að styrkja stöðu heimilanna, verja undirstöður velferðarkerfisins, standa vörð um menntakerfið og verja störfin í landinu. Markmið sáttmálans er að í árslok 2010 hafi tekist að ná verðbólgu niður fyrir 2,5%, minnka halla hins opinbera, lækka vexti og styrkja gengi krónunnar.

Sáttmálinn tekur á fjölmörgum málum. Í honum er m.a. fjallað um það hvernig tekið verði á gríðarlegum hallarekstri ríkissjóðs, nauðsyn þess að bæta stöðu skuldsettra heimila, framkvæmdir til að stuðla að aukinni atvinnu, hvernig staðið verði að endurreisn bankanna, um samfélagslega ábyrgð við endurreisn atvinnulífsins, afnám gjaldeyrishafta, lækkun vaxta, framtíðarsýn í málefnum lífeyrissjóðanna, samstarf um eftirlit á vinnumarkaði til að tryggja að starfsmenn njóti umsaminna réttinda og vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og framkvæmd yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar frá 17. febrúar 2008.



Umsókn um aðild að Evrópusambandinu

Umræða um Evrópusamvinnuna hefur einkennt starfsemi ASÍ eftir efnahagshrunið. Í ályktun ársfundar ASÍ 2008 segir m.a.:


„Það er skoðun ASÍ að yfirlýsing um að sótt verði um aðild Íslands að ESB og upptöku evru sé eina færa leiðin. Þannig verði látið á það reyna í aðildarviðræðum hvaða samningur Íslandi standi til boða og hann lagður fyrir þjóðina í atkvæðagreiðslu.“

Þessi niðurstaða ársfundar er í raun rökrétt framhald af starfi, fyrri umræðu og stefnumótun ASÍ. Alþýðusambandið hefur í starfi sínu lagt ríka áherslu á virka þátttöku í samstarfi Evrópuríkja þar sem markmiðið er að bæta og treysta réttindi íslensks launafólks á sem flestum sviðum í góðu samstarfi við norræna og evrópska verkalýðshreyfingu. Á aukaársfundi ASÍ 25. mars 2009 var þessi afstaða til aðildar að ESB tekin til umræðu á ný og mikilvægt skref stigið í þá átt. Þar voru sett fram samningsmarkmið í sjávarútvegs- og auðlindanýtingarmálum, landbúnaðar- og byggðamálum, vinnumarkaðs – og menntamálum.

Nú þegar Alþingi hefur samþykkt að sótt verði um aðild að ESB leggur ASÍ ríka áherslu á að skilgreina samningsmarkmið fyrir aðildarviðræðurnar þar sem hagsmuna Íslendinga og íslensks launafólks er gætt í hvívetna. Miðstjórn ASÍ samþykkti á fundi sínum í september að mikilvægt sé að tryggja að fulltrúar samtaka launafólks fái aðild að viðræðunum sjálfum, þar sem verið er að fjalla um mál sem varða launafólk og hagsmuni þess. Það er mikilvæg forsenda þess að vel takist til.

ASÍ mun leggja áherslu á hlutlæga og vandaða upplýsingamiðlun og samræðu við forystu og félagsmenn aðildarsamtaka ASÍ í undirbúningnum og meðan á viðræðum stendur. Þetta gildir um:

- áherslur og samningsmarkmið í viðræðunum
- framgang viðræðnanna eins og þær horfa við fulltrúum ASÍ meðan á þeim stendur
- niðurstöður samninganna og mat á kostum og göllum út frá samningsmarkmiðunum





Fræðslumál - brugðist við kreppuástandi með námskeiðahaldi

Eftir efnahagshrunið í október 2008 var strax hafist handa við að skoða með hvaða hætti skrifstofa Alþýðusambandsins gæti aðstoðað, styrkt og eftir aðildarfélögin við að upplýsa og aðstoða félagsmenn sem lentu í efnahagsþrengingum og atvinnumissi. Þetta var forgangsverkefni skrifstofu ASÍ. Myndaður var vinnuhópur aðila úr stéttarfélögum með það að leiðarljósi að fá ýmis sjónarhorn frá fulltrúum aðildarsamtakanna um það hvernig ASÍ gæti best þjónað þessu hlutverki sínu og um leið komið upplýsingum á framfæri til félaganna. Sem lið í þessari áætlun var farið í að undirbúa sérstök námskeið, m.a. í samvinnu við Vinnumálastofnun og Rauða krossinn.

Námskeiðin voru um fjármál, upplýsingagjöf og viðbrögð við áföllum og var aðildarfélögunum, starfsmönnum þeirra og trúnaðarmönnum boðið uppá þau. Námskeiðin voru þrjú: *Réttur til atvinnuleysisbóta og vinnumarkaðsaðgerðir* en á því var gefin yfirsýn yfir þann hugmyndagrunn sem lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir byggja á og framkvæmd laganna. Markmið námskeiðsins var að veita svör við algengum spurningum og álitæfnum sem koma upp er varðar rétt einstaklinga til atvinnuleysisbóta og útreikning þeirra. Námskeiðið *Fjármál heimilanna* fjallaði um úrræði sem heimilin geta nýtt sér til að fá yfirsýn yfir fjármál sín og hvaða leiðir eru færar ef greiðsluferfiðleikar blasa við. Síðast en ekki síst var boðið uppá námskeiðið *Sálrænn stuðningur* en þar var farið í hvaða gildi sálrænn stuðningur hefur í aðstæðum sem geta valdið áföllum. Markmið námskeiðsins var að þátttakendur gerðu sér grein fyrir hvað eru algeng og eðlileg viðbrögð við áföllum og hvað þeir gætu gert sjálfir og fyrir aðra. Mikil eftispurn var á meðal stéttarfélaganna eftir þessum námskeiðum, fyrir starfsfólk á skrifstofunum, trúnaðarmenn og talsmenn. Almennt féll þetta í mjög góðan jarðveg og félögin voru ánægð með þetta framtak.





Miðstjórn ASÍ

Miðstjórn ASÍ fer með æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins milli ársfunda. Hlutverk hennar er að móta stefnu og félagspólítiska afstöðu ASÍ í samræmi við lög þess og samþykktir ársfunda. Ennfremur að bera ábyrgð á allri starfsemi ASÍ, stofnana þess og samtaka. Miðstjórn er kosin til tveggja ára í senn, þannig að á ársfundi annað hvert ár er forseti kosinn sérstaklega og sex meðstjórnendur. Hitt árið er varaforseti kosinn sérstaklega og sjö meðstjórnendur. Við kosningu miðstjórnar er leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Á vegum miðstjórnar starfa margvíslegar nefndir sem hafa frumkvæði að málefnavinnu og vinna samkvæmt samþykktum miðstjórnar og ársfunda.

Nefndirnar eru:

- *Alþjóðanefnd*
- *Atvinnumálanefnd*
- *Jafnréttis- og fjölskyldunefnd*
- *Menntanefnd*
- *Kjara- og skattanefnd*
- *Skipulags- og starfsháttanefnd*
- *Velferðarnefnd*
- *Vinumarkaðsnefnd*
- *Laganefnd*
- *Lífeyris- og veikindaréttarnefnd*
- *Launanefnd*
- *Starfs- og fjárhagsnefnd*

Í miðstjórn ASÍ eru eftirtaldir:

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ	Til ársfundar 2010
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ	Til ársfundar 2009
Björn Snæbjörnsson, Eining-löja (SGS)	Til ársfundar 2010
Finnbjörn A. Hermannsson, Fagfélagið (SAMÍÐN)	Til ársfundar 2010
Guðmundur Gunnarsson, Rafiðnaðarsamband Íslands	Til ársfundar 2009
Guðmundur Þórður Ragnarsson, VM (Bein aðild)	Til ársfundar 2010
Gunnar Páll Pálsson*, VR (LÍV)	Til ársfundar 2009
Kristján Gunnarsson, VI. og sjóm. fél. Keflav. og nágr. (SGS)	Til ársfundar 2009
Ragna Larsen, Bárán stéttarfélag (SGS)	Til ársfundar 2009
Signý Jóhannesdóttir, Stéttarfélag Vesturlands (SGS)	Til ársfundar 2009
Sigurður Bessason, Efling (SGS)	Til ársfundar 2010
Sigurrós Kristinsdóttir, Efling (SGS)	Til ársfundar 2009
Stefanía Magnúsdóttir, VR (LÍV)	Til ársfundar 2010
Sævar Gunnarsson, Sjómannasamband Íslands	Til ársfundar 2009
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA (LÍV)	Til ársfundar 2010

*sagði sig úr miðstjórn ASÍ í mars 2009 og kom Kristín María Björnsdóttir inn sem varamaður frá og með sama tíma.



Verðlagseftirlit ASÍ

Alþýðusambandið starfrækir verðlagseftirlit á skrifstofu sinni í þeim tilgangi að upplýsa neytendur og veita aðhald gegn verðhækkunum á neytendamörkuðum. Undangengið ár hefur einkennst af falli krónunnar sem hefur valdið miklum verðhækkunum á öllum helstu nauðsynjavörum. Við slíkar aðstæður reynir á að samkeppni á mörkuðum sé virk og því hefur starfsemi verðlagseftirlitsins sjaldan verið brýnni en nú. Líkt og áður hefur verðlagseftirlitið lagt megináherslu á að kanna verð á matvöru sem er einn stærsti útgjaldaliður heimilanna og hefur afgerandi áhrif á lífskjör launafólks.

Á fyrri hluta ársins tók verðlagseftirlitið verklag við framkvæmd verðkannana til gagngerrar endurskoðunar. Niðurstaðan úr þeirri vinnu var sú að settar voru fram nýjar verklagsreglur fyrir starfsemi verðlagseftirlitsins sem samþykktar voru í miðstjórn ASÍ í vor. Þær ganga út frá fullu sjálfstæði eftirlitsins í störfum sínum og er ætlað að tryggja gagnsæi og samræmi í starfseminni. Áfram er miðað við að vöruverð sé kannað samkvæmt verðmerkingum söluaðila enda er það skylda þeirra skv. lögum að hafa skýrar aðgengilegar og greinilegar verðmerkingar á sölustað auk þess sem aðgangur neytenda að verðupplýsingum er nauðsynleg forsenda virkrar samkeppni.

Verðlagseftirlitið hóf í fyrra mælingar á verði vörukörfu ASÍ í öllum helstu matvöruverslunarkeðjum landsins og hefur því starfi verið haldið áfram á þessu ári. Vörukörfunni er ætlað að endurspegla almenn innkaup heimilis og niðurstöðurnar gefa neytendum til kynna hvernig vöruverð breytist í einstökum verslunarkeðjum yfir tímann. Þá hefur verðlagseftirlitið gert hefðbundnar samanburðarkannanir í matvöruverslunum á árinu, kannað verð í fiskbúðum og á hjólbarðaverkstæðum auk samantekta um breytingar á gjaldtöku fyrir opinbera þjónustu og almennrar umfjöllunar um verðlags- og neytendamál.



Starfsendurhæfingarsjóður

Hlutverk Starfsendurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Öll helstu samtök stéttarfélaganna og atvinnurekenda á vinnumarkaði eiga aðild að sjóðnum.

Meginverkefni Starfsendurhæfingarsjóðs eru að;

- skipuleggja og fjármagna störf ráðgjafa sem starfa á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna og aðstoða einstaklinga sem þurfa á starfsendurhæfingu að halda
- greiða kostnað vegna ráðgjafar, þjónustu og úrræða á sviði starfsendurhæfingar þar sem markmiðið er að auka vinnugetu einstaklinga.

Fyrstu starfsmenn sjóðsins komu til starfa í ágúst 2008. Á þessu fyrsta starfsári hefur verið unnið að því að skipuleggja og byggja upp þjónustu, skilgreina vinnuferla, þróa verkfæri og handbækur og vinna með opinberum aðilum að gerð nýs starfshæfnismats. Mikil vinna hefur auk þess verið lögð í þekkingaröflun, kynningar og miðlun upplýsinga.

Gerðir hafa verið samningar við flest stéttarfélög um þjónustu ráðgjafa og eru nú 14 ráðgjafar komnir til starfa hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaganna um allt land. Flestir þeirra tóku til starfa haustið 2009. Unnið er að gerð samninga við fagaðila og þjónustuaðila á sviði starfsendurhæfingar og á næstu vikum og mánuðum mun þjónustan fara af stað af fullum þunga.

Nánari upplýsingar um starfsemi Starfsendurhæfingarsjóðs er að finna á heimasíðu sjóðsins www.virk.is





Alþýðusamband Íslands

Sætúni 1 • 105 Reykjavík
Sími: 53 55 600 • Fax: 53 55 601
asi@asi.is • www.asi.is